



## Akraneskaupstaður

# Reglur Akraneskaupstaðar um stuðnings- og stoðþjónustu við fullorðna<sup>1</sup>

### I. kafli

#### Almenn ákvæði

##### 1. gr.

#### Lagagrundvöllur

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitafélögum er skylt að veita, sbr. 25. - 27. gr. og X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 1. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og 1. -3. tl. og 5. tl. 8. gr. laga um um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Við framkvæmd reglna þessara skal framfylgja þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist og þá sérstaklega samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Í reglum þessum er fjallað um stuðnings- og stoðþjónustu samkvæmt framgreindum lögum. Þjónusta Akraneskaupstaðar er samþætt og byggir á einstaklingsbundnu mati á þjónustubörfum sem unnið er í samvinnu við umsækjanda hverju sinni.

##### 2. gr.

#### Markmið

Markmið stuðnings- og stoðþjónustu er að aðstoða, leiðbeina og efla einstaklinga sem þurfa, vegna aðstæðna sinna, eða þarfar á stuðningi við heimilishald, athafnir daglegs lífs og verið félagslega virkir. Stuðnings- og stoðþjónusta skal miða að því að efla umsækjanda til sjálfshjálpar, virða sjálfsákvörðunarrétt hans, gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsi og skapa einstaklingum skilyrði til sjálfstæðs lífs. Þjónustan skal taka mið af einstaklingsbundnum þörfum og byggist fyrst og fremst á þeim markmiðum sem umsækjandi setur sér til að lifa sjálfstæðu lífi.

##### 3. gr.

#### Stuðningur


Stuðningsþjónusta er ætluð þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa stuðning vegna skertrar getu, fötlunar, fjölskylduaðstæðna, álags eða veikinda. Stuðningsþjónusta samkvæmt reglum þessum er veitt bæði innan og utan heimilis. Almenn stuðningsþjónusta er veitt samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 að hámarki 60 klukkustundir á mánuði. Sé einstaklingur metin í meiri þjónustubörf og er með skilgreinda fötlun skv. lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er átt við stoðþjónustu.

Með stuðnings- og stoðþjónustu í reglum þessum er átt við eftirfarandi þjónustu:

- a) *Stuðningur við athafnir daglegs lífs, svo sem við að sinna persónulegu hreinlæti, klæðast/hátta og hafa eftirlit með næringu og lyfjainntöku.*

---

<sup>1</sup> Við endurskoðun þessara reglna var horft sérstaklega til [umsagnar Öryrkjabandalags Íslands vegna nýrra reglna Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir](#)





## Akraneskaupstaður

- b) *Stuðningur við heimilishald* er stuðningur við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili umsækjanda svo hann geti búið heima. Auk þess er veittur stuðningur við að nýta velferðartækni sem auðveldar umsækjanda heimilishald og starfsfólki að veita þjónustuna.
- c) *Félagslegur stuðningur* sem miðar einkum að því að virkja einstaklinga félagslega og hefur það markmið að styðja og hvetja umsækjanda til félagslegrar þátttöku svo sem í félagsstarfi, til þátttöku í félags- og tómstundastarfi sem og að styðja við atvinnuþátttöku, nám o.fl. slíkur stuðningur er ekki veittur í þeim tilvikum þegar aðrir aðilar, s.s. leiðbeinendur Fjöliðju bera ábyrgð á að veita stuðning.
- d) *Hópstuðningur* er stuðningur sem veittur er í hópi, þegar við á, að höfðu samráði við viðkomandi einstakling, s.s. hópastarf fyrir fólk með heilabilun og aðstandendur þeirra.
- e) *Stoðþjónusta* er margháttaður stuðningur við athafnir daglegs lífs sem byggist meðal annars á einstaklingsbundnum þörfum fólks sem skilgreindur er á einstaklingsbundinni þjónustuáætlun, sbr. 12. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- f) *Heimsending matar* er fyrir þá notendur sem ekki geta annast matseld sjálfir og hafa ekki tök á að borða í félagsaðstöðu á Dalbraut 4 eða á öðrum þjónustustofnunum kaupstaðarins.
- g) *Notendasamningur* er gerður þegar einstaklingar hafa verið metnir í þörf fyrir stoðþjónustu og sækja um að gerður verði slíkur samningur um veitta þjónustu, sbr. 10. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Notendasamningar geta einnig verið í formi beingreiðslusamnings og NPA samnings.
- h) *Skammtímadvöl*, markmið með skammtímadvöl er að veita fötluðum einstaklingum sem búa í foreldrahúsum kost á að dvelja tímabundið utan heimilis síns meðan beðið er eftir annarri sértækri þjónustu svo sem búsetu, svo sem dvöl hjá stuðningsfjölskyldum samanber 17. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- i) *Húsnæði fyrir fatlað fólk* skilgreinist sem íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks. Með húsnæði fyrir fatlað fólk er átt við húsnæðisúrræði í skilningi reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- j) *Ráðgjöf, stuðningur og námskeið*, hjá Akraneskaupstað stendur íbúum til boða sérhæfð ráðgjöf og stuðningur, sem og námskeið, s.s. SES - samvinna eftir skilnað og PMTO – foreldrafærniþjálfun.

Leitast er við að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins. Umsækjandi skal vera á heimilinu þegar stuðningur er veittur og taka þátt í þeim verkum sem leysa þarf af hendi, eftir því sem





## Akraneskaupstaður

kostur er. Ef aðstæður eru með þeim hætti að umsækjandi getur ekki verið til staðar getur stuðningur við heimilishald farið fram gegn skriflegu samþykki umsækjanda.

Við veitingu stuðnings skal leitast við að nýta stafrænar og tæknilegar lausnir. Skal það háð samráði við viðkomandi einstakling.

### II. kafli

#### Skilyrði fyrir stuðning- og stoðþjónustu

##### 4. gr.

##### Skilyrði fyrir því að umsókn um stuðnings- og/eða stoðþjónustu verði samþykkt

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til þess að fá þjónustu samkvæmt reglum þessum:

- Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára. Ef einstaklingur er yngri en 18 ára vísast til reglna Akraneskaupstaðar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.
- Umsækjandi skal eiga lögheimili á Akranesi þegar sótt er um.
- Umsækjandi skal búa í sjálfstæðri búsetu eða með foreldrum/ættingjum/forráðamönnum. Einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimili eða stofnun þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu eiga ekki rétt á stuðningi samkvæmt reglum þessum.
- Umsækjandi skal vera metinn í þörf fyrir stuðningþjónustu samkvæmt matsviðmiðum á fylgiskjali 1.
- Umsækjandi um stoðþjónustu skal teljast fatlaður í skilningi laga, samanber 1. tl. 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Fatlað fólk sem er með lögheimili utan Akraness getur sótt um stuðning samkvæmt reglum þessum en skilyrði er að umsækjandi hafi lögheimili á Akranesi þegar stuðningur hefst, samkvæmt 4 mgr. 3. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

### III. kafli

#### Umsóknir og mat

##### 5. gr.


##### Umsókn um stuðnings- og stoðþjónustu

Sækja skal um stuðnings- og/eða stoðþjónustu með rafrænum hætti eða í þjónustuveri Akraneskaupstaðar. Velferðar- og mannréttindasvið veitir aðstoð við umsóknarferlið sé þess óskað.

Einnig geta beiðnir um stuðning borist rafrænt frá starfsfólki heilbrigðisþjónustu með samþykki umsækjanda.

Með umsókn um stoðþjónustu skulu eftirfarandi gögn liggja fyrir, eftir því sem við á, auk upplýsts sjálfsmats umsækjanda:

- Örorku- eða umönnunarmat.
- Viðurkenndar og samræmdar matsaðferðir, svo sem SIS og RAI.
- Staðfesting á fötlun, svo sem fullnægjandi læknisvottorð eða staðfesting frá Ráðgjafar- og greiningarstöð.





## Akraneskaupstaður

Með undirritun á umsókn er umsækjandi upplýstur um heimild velferðar- og mannréttindasviðs til að afla nauðsynlegra gagna svo sem frá starfsfólki heilbrigðisþjónustu svo hægt sé að afgreiða umsóknina.

### 6. gr.

#### Mat á þjónustubörf og afgreiðsla umsókna

Uppfylli umsækjandi skilyrði 4. gr. regna þessara skal leggja mat á þjónustubörf í samvinnu við umsækjanda samkvæmt matsviðmiðum í fylgiskjali 1 með reglum þessum. Í kjölfar móttöku umsóknar skal lagt mat á þjónustubörf umsækjanda í samvinnu við hann samkvæmt matsviðmiðum.

Við mat á þjónustubörf er horft til eftirfarandi þátta sem hafa áhrif á athafnir daglegs lífs:

- a) Færni/getu og styrkleikum.
- b) Félagslegum aðstæðum og tengslaneti.
- c) Samfélagsþátttöku, valdeflingu og virkni umsækjanda.
- d) Þörf fyrir þjónustu og hvaða afleiðingar töf á henni hafi fyrir umsækjanda.
- e) Annars veitts stuðnings.

Velferðar- og mannréttindasvið annast afgreiðslu umsókna samkvæmt reglum þessum. Mat á umfangsmikilli stuðning- og stoðþjónustu byggir aðallega á SIS mati, liggja SIS mat ekki fyrir, óskar velferðar- og mannréttindasvið eftir frummati á stuðningsþörf. Ef talið er að fyrirbyggjandi SIS mat gefi ekki rétta mynd á þjónustubörf umsækjanda er óskað eftir endurmati.

Sé niðurstaða velferðar- og mannréttindasviðs að ekki sé þörf á stuðningsþjónustu miðað við fyrirbyggjandi mat á þjónustubörf ber að synja umsókn.

Umsækjanda fær tilkynningu um hvort umsókn hans hafi verið samþykkt eða henni synjað og hvernig umsóknin hafi verið metin samkvæmt reglum þessum.


### 7. gr.

#### Stuðningsáætlun

Áður en þjónusta hefst skal gert samkomulag um stuðning, þ.e. stuðningsáætlun, með umsækjanda út frá viðeigandi lagaramma. Stuðningur byggir ætíð á skýrum markmiðum og árangur er metinn reglulega.

Í stuðningsáætlun kemur eftirfarandi fram:

- a) Markmið umsækjanda með stuðningi.
- b) Hvernig settum markmiðum með þjónustunni skuli náð.
- c) Hvaða stuðning og umfangi er um að ræða og hvernig hann skuli veittur.
- d) Gildistími áætlunar út frá samþykkt á stuðning.
- e) Notkun húslykla umsækjanda (ef slíkt á við).
- f) Verkefni og vinnutilhögun.
- g) Upphæð útlagðs kostnaðar þegar stuðningur er veittur. Miðað skal við upphæð á mánaðargrunni, sbr. viðmið velferðar- og mannréttindasviðs Akraneskaupstaðar.





## Akraneskaupstaður

Stuðningsáætlun skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Tryggja skal að umsækjandi geti komið sínum sjónarmiðum á framfæri á þann hátt sem hentar viðkomandi.

### 8. gr.

#### Forgangsröðun umsókna í stuðningsþjónustu

Uppfylli umsækjandi skilyrði 4. gr. reglna þessara skal umsókn metin á grundvelli þeirra matsviðmiða sem tilgreind eru í 6. gr. og á fylgiskjali 1 með reglum þessum. Að mati loknu raðast umsóknir í forgangsröð á grundvelli viðmiða sem tilgreind eru á fylgiskjali 2 með reglum þessum. Sé ekki unnt að hefja stuðning um leið og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær áætlað er að stuðningur verði veittur.

Ef fyrir séð er að stuðningsþjónusta geti ekki hafist innan þriggja mánaða skal umsókn sett á biðlista. Umsækjandi er upplýstur um áætlaða lengd á biðtíma og hvaða stuðningur standi honum til boða á biðtímanum, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 1035/2018 um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu.

### III. kafli

#### Framkvæmd þjónustu

### 9. gr.

#### Gjaldtaka

Greitt er fyrir stuðningsþjónustu samkvæmt gjaldskrá Akraneskaupstaðar hverju sinni, sbr. 4. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Ef umsækjandi sækir um undanþágu frá gjaldskyldu vegna stuðnings á heimili ber honum að skila viðeigandi gögnum frá Tryggingarstofnun og skattýfirvöldum.

### 10. gr.

#### Tími og umfang stuðnings

Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir. Ákvörðun um stuðningsþjónustu felur í sér að stuðningur sé að jafnaði veittur í tiltekinn fjölda skipta í mánuði eða í viku hverri á grundvelli mats á stuðningsþörfum. Almennt er stuðningur veittur á dagvinnutíma á virkum dögum.

Í samræmi við 5. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 er gert ráð fyrir því almenna viðmiði að hámark veittrar aðstoðar geti numið allt að 15 klukkustundum á viku. Sértekur stuðningur utan dagvinnutíma, sem byggir á lögum um þjónustu með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, er veittur frá 16:00 til 24:00 virka daga og um helgar frá 08:00 til 24:00.





## Akraneskaupstaður

### 11. gr.

#### Gildistími og endurmat

Stuðningsþjónusta skal vera samþykkt til ákveðins tíma og skal þjónustupörfin ávallt endurmetin eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Stoðþjónusta skal vera samþykkt til 12 eða 24 mánaða í senn og tekur mið af mati á þjónustupörf umsækjanda. Heimilt er að ákveða að veita ótímabundna stoðþjónustu, með möguleika á endurskoðun og endurmati ef einstaklingur er með stöðugar og langvarandi stuðningsþarfir. Ef aðstæður umsækjanda breytast verulega eftir að umsókn hefur verið samþykkt er heimilt að endurskoða gildistíma. Umsækjanda er ætíð heimilt að óska eftir endurmati á þjónustupörf hafi orðið breytingar á færni eða aðstæðum hans.

Endurmat á þjónustupörf skal leggja fram í síðasta lagi í ágúst ár hvert, í aðdraganda fjárhagsáætlunargerðar. Ef óskað er eftir áframhaldandi þjónustu skal umsækjandi sækja um að nýju 4 vikum áður en stuðningsáætlun rennur út og verður þjónustupörf þá endurmetin.

Ávallt skal tryggt að ekki verði rof á stoðþjónustu þegar endurmat á sér stað.

### IV. kafli

#### Ýmis ákvæði

### 12. gr.

#### Kostnaður og ferðir

Þegar stuðningur er veittur í tengslum við félagslega þátttöku ber viðkomandi þjónustuþega að greiða fyrir sjálfan sig þann kostnað sem þar fellur til. Velferðar- og mannréttindasvið endurgreiðir starfsmanni útlagðan kostnað hans sem tengdur skal þeim markmiðum sem sett eru hverju sinni og í samræmi við vilja þjónustuþega. Miðað skal við upphæð á mánaðargrunni sem ákveðin er af Akraneskaupstað.

Starfsmenn stuðnings- og stoðþjónustu hafa kost á því að fá akstur endurgreiddan að hámarki 50km á mánaðargrunni. Starfsmenn fá þar að auki frítt með frístundakorti í stofnanir og samstarfsaðila Akraneskaupstaða í för með skjólstæðingi: Sundlaug, heilsurækt, bókasafn, viðburði á vegum ÍA, Byggðasafnið í Görðum, Bíóhöllin, Keilusal og á heimaleiki ÍA.

Miðað er við að starfsmenn stuðningsþjónustu noti almenningssamgöngur ef umsækjandi hefur ekki aðgang að bifreið á eigin vegum sem hann eða starfsmenn geta notað. Ef við á getur starfsmaður notað eigin bifreið með skriflegu samþykki umsækjanda og greiðir þá umsækjandi samkvæmt aksturgjaldi ríkisstarfsmanna sem gefið er út ár hvert.<sup>2</sup>


### 13. gr.

#### Vinnuaðstæður

Aðstæður á heimili notenda skulu vera í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980 og skal því gætt fyllsta öryggis og að góður aðbúnaður sé tryggður.

Starfsmaður skal hafa aðgang að þeim búnaði sem nauðsynlegur er svo hann geti sinnt starfi sínu sem skyldi.

<sup>2</sup> Stjórnarráð Íslands. Stjórnarráðið | [Stjórnarráðið](#) | [Akstursgjald ríkisstarfsmanna - auglýsing nr. 1/2023](#) ([stjornarradid.is](#))





## Akraneskaupstaður

Ætlast er til að gagnkvæm virðing sé sýnd á meðan þjónustan fer fram. Vinna starfsmanna í stuðningsþjónustu fer fram á einkaheimilum og þarf umsækjandi eða umbjóðandi hans að tryggja að aðstæður séu þannig að áður nefndum atriðum sé fullnægt.

Skapist þær aðstæður inni á heimilinu að aðbúnaði og/eða öryggi starfsfólks sé ógnað, t.d. vegna dýrahalds, óreglu, áreitni eða ógnandi hegðunar, þarf tafarlaust að gera viðeigandi ráðstafanir og getur þurft að fresta stuðningi á meðan unnið er í málinu og úrbætur gerðar. Heimilt er að fella niður þjónustuna þar til viðeigandi lausn finnst.

Starfsmönnum er óheimilt að reykja inni á heimilum notenda og skal umsækjandi ekki reykja á meðan starfsmenn eru inni á heimilinu. Sama á við um notkun á rafrettum.

### IV. kafli

#### Málsmeðferð

##### 14. gr.

##### Lagagrundvöllur málsmeðferðar

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnáskilulaga nr. 37/1993, ákvæði XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og ákvæði VII. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

##### 15. gr.

##### Viðeigandi aðlögun

Við alla vinnslu og meðferð umsókna samkvæmt reglum þessum skal tryggja að viðeigandi stuðningur, aðstoð og leiðbeiningar séu veittar til að umsækjandi geti nýtt sér stuðninginn. Í því felst m.a. að upplýsingar séu settar fram á því formi sem viðkomandi einstaklingur getur nýtt sér, tryggt sé að hann komi sínum sjónarmiðum á framfæri og sé kynntur réttur sinn til að vísa máli sínu lengra, telji hann þörf á.

##### 16. gr.

##### Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda innan 14 daga eftir að umsókn hefur borist.

Taka skal ákvörðun í máli innan þriggja mánaða frá því að umsókn berst og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

##### 17. gr.

##### Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsókna, öflun gagna og upplýsinga sem og við ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við lögráðamann eða persónulegan talsmann hans eftir því sem við á.





## Akraneskaupstaður

### 18. gr.

#### Endurskoðun

Rétt til stuðningsþjónustu má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort umsækjandi stuðningsþjónustu fullnægi skilyrðum reglna þessara og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna hafi áhrif á rétt hans og umfang þjónustu.

### 19. gr.

#### Rangar eða villandi upplýsingar

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn um stuðningsþjónustu hefur verið samþykkt og í ljós kemur síðar að hún var byggð á röngum eða villandi upplýsingum af hálfu umsækjanda getur það leitt til afturköllunar ákvörðunar.

### 20. gr.

#### Varðveisla gagna, trúnaður og siðareglur

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt á öruggan hátt í samræmi við lög um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014.

Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um málefni er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Starfsmönnum er óheimilt að rjúfa trúnað nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi. Starfsmönnum er ekki heimilt að taka við gjöfum eða greiðslum frá notendum þjónustunnar eða aðstandendum þeirra.


Umsækjandi getur óskað eftir aðgangi að fyrirliggjandi gögnum er varða hann sjálfan. Við mat á því hvaða gögnum verður miðlað skal meðal annars litið til ákvæða persónuverndarlaga, upplýsingalaga auk annarra laga og reglna sem kunna að eiga við hverju sinni.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

### 21. gr.

#### Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsfólk velferðar- og mannréttindasviðs bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna framkvæmdar samkvæmt reglum þessum.







## Akraneskaupstaður

### 22. gr.

#### Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn velferðar- og mannréttindasviðs taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðar- og mannréttindaráðs Akraneskaupstaðar.

### 23. gr.

#### Kynning á ákvörðun

Kynna skal niðurstöðu umsóknar fyrir umsækjanda með formlegum hætti. Ef umsókn er sett á biðlista er umsækjanda tilkynnt það formlega. Sé umsókn um þjónustu hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá formlega tilkynningu þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna og/eða annarra reglna eða laga, eftir því sem við á. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til frekari rökstuðnings og réttur til að áfrýja afgreiðslunni.

### 24. gr.

#### Áfrýjun og endurupptaka

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað við afgreiðslu umsóknar skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun velferðar- og mannréttindasviðs til velferðar- og mannréttindaráðs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Velferðar- og mannréttindaráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur kært ákvörðun velferðar- og mannréttindaráðs til Úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda var tilkynnt um ákvörðun.

Eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt aðila máls á hann rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný, innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var kynnt, ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum.

### 25. gr.

#### Gildistaka

Reglur þessar byggja á lagaákvæðum samkvæmt 1. gr. þessara reglna og taka gildi 1. maí 2024.


Við gildistöku þessara reglna falla úr gildi eldri reglur um stuðnings- og stoðþjónustu frá 1. september 2021.

Samþykkt í bæjarráði 21. mars 2024

Samþykkt í bæjarstjórn 9. apríl 2024

Akranesi 18. apríl 2024

  
Haraldur Benediktsson  
Bæjarstjóri






## Akraneskaupstaður

### Fylgiskjal 1 - Mat á þjónustubörf

Mat á þjónustubörf er ávallt unnið í samvinnu við umsækjanda.

- 1. Félagslegar aðstæður**
  - a. Tengslanet
  - b. Heimilisaðstæður
  - c. Annað sem snýr að félagslegum aðstæðum
- 2. Samfélagsleg þátttaka og virkni**
  - a. Atvinna
  - b. Nám
  - c. Tómsundur
  - d. Áhugamál
  - e. Félagsstarf
  - f. Annað sem snýr að samfélagslegri þátttöku og virkni
- 3. Félagsleg færni**
  - a. Samskiptafærni
  - b. Ákvörðunartaka
  - c. Vinna í hópi
  - d. Annað sem snýr að félagslegri færni
- 4. Styrkleikar**
  - a. Styrkleikar umsækjanda
- 5. Athafnir daglegs lífs**
  - a. Daglegar athafnir
  - b. Svefn
  - c. Næring
  - d. Persónulegt hreinlæti
  - e. Heimilishald
  - f. Hjálpartæki
  - g. Annað sem snýr að athöfnum daglegs lífs
- 6. Heilsa**
  - a. Andleg heilsa
  - b. Líkamleg heilsa
  - c. Lyf
  - d. Óþol/ofnæmi
  - e. Annað sem snýr að heilsu
- 7. Háttsemi**
  - a. Ofbeldi
  - b. Sjálfskaðandi háttsemi
  - c. Fíknivandi
  - d. Annað sem snýr að háttsemi

Hvert og eitt atriði er metið sérstaklega með tilliti til stöðu umsækjanda, stuðningsþarfar og núverandi stuðnings.





## Akraneskaupstaður

### Fylgiskjal 2 – Forgangsröðun á stuðningsþjónustu

#### Flokkur 1

##### Mjög mikil stuðningsþörf

Líkamleg, andleg og félagsleg líðan og/eða færni er með þeim hætti að umsækjandi þarf daglega aðstoð og eftirlit við athafnir daglegs lífs, heimilishald og félagslegan stuðning.

Á einnig við ef umsækjandi hefur verið metinn af Færni- og heilsumatsnefnd fyrir varanlega búsetu á hjúkrunarheimili en er enn búsettur á eigin heimili. Þörf er fyrir mjög mikinn stuðning á meðan beðið er eftir að búseta á hjúkrunarheimili hefjist.

#### Flokkur 2

##### Mikil stuðningsþörf.

Líkamleg, andleg og félagsleg líðan og/eða færni er með þeim hætti að umsækjandi þarf leiðbeiningar, þjálfun, stuðning og eftirlit við athafnir daglegs líf, heimilishald að minnsta kosti einu sinni í viku. Umsækjandi þarf stuðning við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili notanda svo hann geti búið heima. Umsækjandi er í þörf fyrir félagslegan stuðning, innan eða utan heimilis.

#### Flokkur 3

##### Væg stuðningsþörf.

Á við þegar umsækjandi er sjálfbjarga en þarf leiðbeiningar, þjálfun og stuðning við heimilishald.

Á einnig við þegar umsækjandi er í þörf fyrir félagslegan stuðning, innan eða utan heimili. Markmiðið er að styðja notanda til félagslegrar þátttöku, s.s. í félagsstarfi.



